

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Andakílshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Andakílshrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Andakílshreppi.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálpar á heimilum að tilvísan lækis, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða öðrum tilvisunum, sem hreppsnefnd metur gildar, um að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóms, örorku, barnburðar, slyss, dauðsfalls eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

4. gr.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

5. gr.

Hreppsnefnd ber að ganga úr skugga um að starfsfólk það, sem heimilishjálpin stundar hverju sinni, sé hæft til starfsins og gefa því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.

6. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

7. gr.

Fyrir heimilisþjónustu skv. reglugerð þessari og reglum, sem hreppsnefndin setur þar um, skal sá sem hjálpar nýtur, greiða eftir gjaldskrá, sem hreppsnefnd setur og félagsmálaráðherra staðfestir. Þar skal tekið tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpin. Skal gjaldskrá þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Hreppsnefnd setur og nánari reglur um greiðslur, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni.

8. gr.

Skrifstofa Andakílshrepps annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar hreppsjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Andakílsahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt 2. gr. laga nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1986.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Akureyrar
nr. 55 30. apríl 1959.**

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Vatnsveita Akureyrar er fyrirtæki sem Akureyrarbær á og starfrækir sem sjálfstætt fyrirtæki, hér eftir nefnd vatnsveitan.

Vatnsveitan hefur einkarétt til að reka vatnsveitu og selja vatn í lögsagnarumdæmi bæjarins.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Yfirstjórn vatnsveitunnar er í höndum bæjarstjórnar Akureyrar en stjórn hennar skal falin stjórn veitustofnana.

Bæjarstjórn ræður vatnsveitustjóra og aðra fasta starfsmenn að fengnum tillögum stjórnar veitustofnana.

Vatnsveitustjóri situr fundi stjórnar veitustofnana og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Skrifstofa Akureyrarbæjar annast bókhald og fjárreiður vatnsveitunnar gegn endurgjaldi er bæjarstjórn ákveður. Hún innheimtir ennfremur vatnsskatt og önnur gjöld skv. gjaldskrá, sem stjórn veitustofnana semur, en bæjarstjórn staðfestir.

4. gr.

Orðin „allt að 2 000,00 króna“ í 15. gr. falli niður.

5. gr.

Við bætist ný grein, 16. gr. svohljóðandi:

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. apríl 1986.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Líndal.